

Fundargerð 134. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 11. ágúst kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2105006SA

Forvarnarfulltrúi sambandsins, Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, hefur tekið til starfa á grundvelli þingsályktunartillögu um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofeldi og áreiti. Hún er með starfsstöð á Akureyri. Alfa sagði frá áætluðum verkefnum framundan og leitaði sjónarmiða og liðsinnis nefndarinnar. Fram kom að fyrsta verkefnið væri að aðstoða sveitarfélög og skóla við að koma á forvarnarteymi og rædd var samlegðin við starfandi nemendaverndarráð í því samhengi. Ljóst er að eitt fyrirkomulag mun ekki henta öllum sveitarfélögum og mikilvægt að þau fái að aðlaga starfshætti að eigin forsendum. Mikilvægt er að hafa samráð við sveitarfélög og stjórnendur skóla- og fræðslumála svo verkefnið fari vel af stað og hljóti verðskuldaðan hljómgrunn.

Fræðslumálanefnd bauð Ölfu Dröfn velkomna til starfa og fagnaði verkefninu. Lýsti nefndin ánægju með að frístundaheimilin skyldu vera með og þýðingarmikið að kynna verkefnið með jákvæðum formerkjum sem væri ætlað að auka velferð og öryggi nemenda. Þá væri mikilvægt að forsvarsmenn íþróttastarfsemi með börnum og ungmönnum væru einnig upplýstir í þessu skyni.

Hlusta þarf á starfsfólk skólanna varðandi tilhögun starfseminnar og aðlögun að öðrum verkefnum þó svo þessi málaflokkur þyrfti sannarlega eigið rými og umfjöllun, um það væru allir sammála.

2. Covid og áhrif á skólastarf í upphafi nýs skólaárs - 2009073SA

Skólalald hefst fljótlega án takmarkana að sögn ráðherra. Rætt var um stöðu mála og framgang m.t.t. stöðunnar í Covid og aflað sjónarmiða nefndarmanna. Ekki er vikið sérstaklega að skólastarfi í nýjasta minnisblaði sóttvarnarlæknis til heilbrigðisráðherra. Fram kom að það ber strax á áhyggjum vegna þess að engin reglugerð varðandi takmarkanir á skólalaldi virðist í burðarliðnum og ábyrgð sett

á herðar hvers skóla- og/eða fræðslustjóra að útfæra á grundvelli almennu reglugerðarinnar. Rætt var um fyrirkomulag bólusetninga 12-15 ára nemenda, hraðpróf og líðan nemenda og starfsfólks.

Fræðslumálanefnd kallaði eftir skýrari línunum og leiðbeiningum frá stjórnvöldum. Mikilvægt væri að ná samhljómi í aðgerðir við upphaf nýs skólaárs sem, því miður, hefst enn á ný undir sóttvarnatakmeðferðum. Ekki væri hægt að tala um að skólastarf væri sem eðlilegast og án takmarkana þegar reglur um sóttkví leiða til þess að heilu árgangarnir eru sendir heim og leikskóladeildum og leikskólum lokað, svo nýleg dæmi séu tekin. Fram kom að fræðslustjórar á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér samráðsvettvang þar sem boðar jafnramt til hefðubundins samráðsfundar með fræðslustjórum öllum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur í næstu viku.

3. Drög að fyrstu aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 - 2009337SA

Verið er að leggja lokahönd á fyrstu aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu til 2030 sem unnin er af stefnuhópi ráðuneytisins. Skólamálafulltrúi fór yfir drögin, greindi frá helstu áherslum, álitamálum og næstu skrefum í málinu og bar undir nefndina. Bent var á nýja grein í Netlu í þessu samhengi: <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/07.pdf>. Fram kom að fulltrúar í stefnuhópi fengu til 3. ágúst til þess að bera drögin undir sitt bakland en vegna sumarleyfa varð lítið um viðbrögð. Verið er að leggja lokahönd á fyrstu aðgerðaáætlun en samkvæmt þingsályktunartillögum skal hún afgreidd innan 6 mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Fræðslumálanefnd lýsti ánægju með þá vinnu sem hafin er við undirbúning innleiðingar menntastefnunnar. Engu að síður taldi nefndin farsælast að aðgerðaáætlunin færi í samráðsgátt stjórnvalda áður en hún yrði afgreidd. Með því móti fengi skólasamfélagið, og aðrir áhugasamir, tækifæri til þess að kynna sér inntak hennar og bregðast við. Það væri vænlegra til árangurs og myndi auka líkur á því að starfsfólk og stjórnendur skólastarfs settu sitt mark á aðgerðaáætlunina og öðlist þannig hlutdeild í verkefninu. Mikilvægt er að ná sem víðtækastri sátt um innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar til að tryggja farsæla innleiðingu.

4. Áherslur í menntamálum í tengslum við sveitarstjórnarkosningar og stefnumörkun sambandsins til 2026 - 2108004SA

Kosningar til sveitarstjórna fara fram næsta vor, 2022 og þingkosningar 25. september nk. Rædd voru sjónarmið nefndarmanna um áherslur í fræðslumálum í tengslum við undirbúning næstu stefnumörkunar sambandsins sem unnin verður í kjölfar þeirra á landsþingi. Ýmis mál voru rædd, svo sem um hagnýtingu reynslu menntakerfisins eftir Covid sem kallaði á auknar stafrænar lausnir, stuðning við börn sem standa höllum fæti og jafnrétti og jafnræði til náms óháð búsetu. Þá væri rík ástæða til þess að skoða sérstaklega hvernig sveitarfélög og ríki ætla í sameiningu að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla því það væri einnig jafnréttismál.

Áfram verður unnið að málinu á næstu fundum nefndarinnar og undirbúningi að stefnumörkun sambandsins í fræðslumálum fyrir landsþing, haustið 2022.

5. Námsleyfi skólaárið 2022-2023 - 2106001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskaði eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að áherslum Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2022-2023 og greindi frá áherslusviðum fyrri ára. Þriðjungur fjármuna Námsleyfasjóðs er úthlutað í samræmi við áherslusvið. Fram kom í máli fundarmanna að mikilvægt væri að tengja áherslusviðin opinberum stefnuskjöllum eins og menntastefnu til 2030, nýjum samþættingarlögum og áherslum í byggðaáætlun varðandi fræðslumál. Jafnframt væri ástæða til að vísa í reynslu menntakerfisins af Covid sem endurspeglast í breyttum kennsluháttum með aukinni stafrænni áherslu sem aukið gæti jafnrétti og jafnræði til náms.

Fræðslumálanefnd lagði til eftirfarandi áherslusvið: stafræn umbreyting náms- og kennsluhátta, skóli margbreytileikans, samhæfð skólaþjónusta þvert á fagsvið í anda nýrra samþættingarlaga, menntastefnu og byggðaáætlunar og lýðræði í skólastarfi.

6. Staða og framtíð Stóru upplestrarkeppninnar - 2009263SA

Helgi Arnarson óskaði eftir því að upplýsa nefndina um að félagið Raddir og upphafsmenn þess, sem haldið hefur utan um bæði stóru og litlu upplestrarkeppnina sl. 25 ár væru að hætta með þá stóru og hefði síðasta upplestrarhátíðin fari fram sl. vor. Hann vildi kanna hug nefndarmanna til áframhalds með fyrra, eða breyttu, sniði. Þrátt fyrir heitið væri hér fleira á ferðinni en keppni sem slík og verkefnið höfði til flestra nemenda. Þá dragi það athyglina að upplestri barna og læsi í skólastarfi allan veturinn með einum eða öðrum hætti.

Nefndarmenn töldu almennt farsæla reynslu af verkefninu og að það yrði missir fyrir skólastarf ef því verður hætt með öllu. Fram komu ábendingar um mögulega samstarfsaðila um verkefnið, mögulega með eitthvað breyttu sniði.

7. Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir árið 2020 - 2108007SA

Lögð fram til kynningar ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir árið 2020.

Fundi var slitið kl. 14:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir